

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. E 139/2836

komudagur 31.5.2011

Alþingi
b.t. viðskiptanefndar
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

31. maí 2011

Tilvísun: 2011050069

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til breytinga á innheimtulögum, 643. mál.

Fjármálaeftirlitið fagnar framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008 en það er mat eftirlitsins að það feli í sér mikilvægar breytingar á innheimtulögum.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við eftirfarandi ákvæði frumvarpsins:

b. liður 2. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að innheimtuleyfi sé veitt einstaklingi sem hefur vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu skv. 14. gr. og skilmála hennar ásamt heiti og aðsetri hlutaðeigandi váttryggingafélags. Þar sem ákvæðið kveður á um þau skilyrði sem umsækjandi innheimtuleyfis þarf að fullnægja til að fá innheimtuleyfi væri nægjanlegt að kveðið væri á um að innheimtuleyfi sé veitt einstaklingi sem hafi gilda starfsábyrgðartryggingu skv. 14. gr. og væri það svo eftirlitsaðilans að meta hvaða gögn væri farið fram á til að tryggja sönnur á því að viðkomandi hafi gilda starfsábyrgðartryggingu.

a. liður 3. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um hvernig fari ef gjalddagi/eindagi ber upp á löghelgan dag eða dag þegar bankastofnanir eru almennt lokaðar. Ef sama regla á að gilda þegar frestur samkvæmt innheimtuviðvörðun ber upp á löghelgan dag eða dag þegar bankastofnanir eru almennt lokaðar þyrfti að tiltaka það sérstaklega.

4. gr.

Í lokamálslið ákvæðisins kemur fram að ráðherra geti kveðið nánar á um vörslufjárreikninga í reglugerð. Fjármálaeftirlitið leggur til að í staðin fyrir heimild til setningu reglugerðar verði um skyldu að ræða en það er í samræmi við sambærilegt ákvæði í lögum um miðlun váttrygginga.


9. gr.

Fjármálaeftirlitið leggur til að bætt verði við ákvæðið nýjum málslið sem hljóðar svo "Fjármálaeftirlitið ákveður hvort þær ráðstafanir teljast fullnægjandi." Er það í samræmi við sambærilegt ákvæði í lögum um miðlun váttrygginga. Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að kveðið verði á um að eftirlitið hafi endanlegt mat á því hvort áætlun um endurreisn fjárhags

teljist fullnægjandi, á það sérstaklega við í þeim tilvikum sem upp kemur ágreiningur milli innheimtuaðila og Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Guðmundur Jónsson


Björk Sigurgísladóttir